



---

## Stjórnarfundur FÍSOS 8. apríl 2021, kl. 11:00 – 11:30

---

Mætt á teams: Ingibjörg Áskelsdóttir, Aníta Elefsen, Hjörtur Þorbjörnsson og Jón Allansson.  
Fjarrverandi: Gunnþóra Halldórsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir.

### Íslensku safnaverðlaunin 2022

- Aníta hafði samband við bæði Helgu Maureen Gylfadóttur og Sigríði Sigurðardóttur og tóku þær báðar vel í að sitja í valnefndinni.
- Þjóðminjasafnið skipaði Ágústu Kristófersdóttur sem formann nefndarinnar.

### Safnadagurinn 2021

- ICOM hefur ráðið verkefnastjóra til þess að halda utan um safnadaginn. Guðný Dóra hafði samband við Anítu varðandi það hvort að við viljum einnig að sá sami verkefnastjóri haldi utan um daginn að hálfu FÍSOS.
- Aníta ræðir við Guðnýju Dóru um kostnað, hlutverk o.s.frv.
- Mikið utanumhald í fyrra sem að Helga Maureen sá að mestu um. Það væri því mjög gott að fá utanaðkomandi manneskju í verkefnið.

### Vestmannaeyjar

- Ætti félagið að senda yfirlýsingu til Vestmannaeyja varðandi stöðuna þar?
- Ingibjörg heyrir í Þóru hjá safnaráði varðandi stöðu málsins.

### Heimasíða

- Ingibjörg og Sirrý eiga bókaðan fund með fyrirtæki sem sérhæfir sig í heimasíðum í Wordpress.
- Ætla að eiga einn fund með þeim og ræða svo innan stjórnar þær tillögur sem koma fram.

### Farskóli

- Farskólastjórn skipa: Hjördís Pálsdóttir (skólstjóri), Jón Allansson, Guðrún Jónsdóttir, Inga Jónsdóttir og Snæbjörn Guðmundsson.
- Stjórnin hefur fundað tvisvar sinnum.
- Áherslan verður á náttúruvá.
- Ekki stefnt að því að hafa skoðunarferðir í rútum vegna fjöldatakmakanna. Hafa minni hópa.
- Fosshótel er fullbókað, þannig að fólk er farið að bóka.

### Samstarf FÍSOS, ICOM og Safnaráðs

- Stefnt er að fundi á næstunni þar sem samstarf um endurmenntun verður rætt, í framhaldi af líflegri málstofu sem haldin var í mars 2020 um nýja ICOM skilgreiningu safna.

